

Ungmennasambandið Úlfljótur

93. ársþing



Haldið á Stekkhól
7. apríl 2026

Stjórn USÚ 2025

Bjarni Malmquist Jónsson, formaður

Margrét Kristinsdóttir, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Guðbjörg Guðlaugsdóttir, varamaður

Hannes Halldórsson, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Þóra Björg Gísladóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Einar Sigurjónsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuknattleiksdeild
- Rafíþróttadeild
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Halldóra K. Guðmundsdóttir

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Ungmennafélagið Vísir

formaður: Bjarni Malmquist Jónsson

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Árni Stefán Haldorsen

Ungmennafélagin Hvöt og Valur eru ekki starfandi

Dagskrá 93. ársþings USÚ

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning þingritara
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra
9. Útnefning íþróttamanns ársins 2025 og veiting hvatningarverðlauna
10. Ávörp gesta
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar

Þinghlé

14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu
15. Kosningar
 - a. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
16. Önnur mál
17. Þingslit

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2025

92. ársþing USÚ var haldið í Hrollaugstöðum 22. apríl 2025. Þingið var ágætlega sótt, en alls mættu 26 fulltrúar af þeim 37 sem rétt áttu á þingsetu. Fulltrúar frá sjö af níu félögum innan USÚ sóttu þingið. Ragnheiður Högnadóttir, sem situr í stjórn UMFÍ, stýrði þinginu líkt og árið áður og Karen Hulda Finnsdóttir ritaði þinggerð í fjarveru Jóns Guðna Sigurðssonar, ritara USÚ.

Hafsteinn Pálsson, sem situr í stjórn ÍSÍ, flutti kveðju frá framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Í ræðu sinni fjallaði hann m.a. um veðmálastarfsemi og svæðisstöðvar ÍSÍ og UMFÍ. Þá sæmdi hann Gunnar Inga Valgeirsson silfurmerki ÍSÍ fyrir langt og farsælt starf innan íþróttahreyfingarinnar innan USÚ.

Að lokum sæmdi Hafsteinn Jóhönnu Írisi Ingólfsdóttur, fráfarandi formann USÚ gullmerki ÍSÍ. Jóhanna hafði þá setið í stjórn USÚ í 10 ár, þar af 9 sem formaður. En við getum þó enn notið starfskrafta hennar þar sem hún starfar nú sem annar af tveimur svæðisfulltrúum ÍSÍ og UMFÍ á Austurlandi og mælum við í stjórn USÚ eindregið með að félögin nýti sér það.

Ída Mekkín Hlynsdóttir úr Hestamannafélaginu Hornfirðingi var kjörin íþróttamaður ársins 2024.

Einnig voru fimm ungmenni sæmd hvatningarverðlaunum USÚ. Það voru þau Thelma Björg, Margrét María, Ída Mekkín, Hlynur Ingi, Rami Omar og Oskar Karol sem hlutu viðurkenninguna að þessu sinni.

Þó nokkrar breytingar urðu á stjórn USÚ. Jóhanna Íris Ingólfsdóttir sóttist ekki eftir áframhaldandi setu sem formaður og þá gaf Jón Guðni Sigurðsson, ritari USÚ ekki heldur kost á sér til endurkjörs. Það gerði hins vegar Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri, og var hann endurkjörinn. Ný inn í stjórn voru þau Bjarni Malmquist Jónsson, formaður Vísis og Margrét Kristinsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri Sindra. Strax að þingi loknu var haldinn stuttur stjórnarfundur, þar sem ákveðið var að Bjarni yrði formaður USÚ, Margrét ritari og Sigurður áfram gjaldkeri.

Stjórnin mætti á þau þing og fundi sem henni bar.

Þann 17. maí fór Vorfundur UMFÍ fram í húsnæði Skólalabúða UMFÍ á Reykjum í Hrutafirði.

Íþróttaping ÍSÍ var svo haldið í Reykjavík, dagana 16. og 17. maí 2025. En þar bar það helst tíðinda að Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ.

Þá fór Sambandsþing UMFÍ fram í Stykkishólmi dagana 10. - 12. október 2025.

Sigurður Óskar Jónsson var þingritari og var jafnframt endurkjörinn í stjórn UMFÍ á þinginu. Lagabreyting var gerð á þinginu á þann hátt að stjórnarfolk UMFÍ má ekki sitja í stjórnnum íþróttahéraða og var því ljóst að Sigurður gæti ekki haldið áfram í stjórn USÚ eftir næsta ársþing.

Eftir að ný reglugerð sem samþykkt var á sambandsþingi 2023 um lottóúthlutun gekk í garð var ljóst að fámennari héraðs- og ungmennasambönd og þ.á.m. USÚ færu varhluta af þeirri reglugerð. Þó nokkur styr stóð um þetta mál á þinginu og töldu fulltrúar einhverra þeirra héraða sem verst yrðu úti að þetta yrði einfaldlega þeirra síðasta þing. Málinu var þó landað farssælega í bili með svokölluðum björgunarpakka, en í honum var samþykkt að veita aukafjárveitingu til þeirra íþróttahéraða sem verst komu út úr nýrri lottóúthlutun.

Á þinginu voru USÚ - veitt verðlaun fyrir öflugt og eftirtektarvert starf Ungmennafélagsins Vísir í þágu félagsins og samfélagsins.

Svo notuð séu orð Jóhanns Steinars formanns UMFÍ við úthlutun verðlaunanna...

“Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit hefur vakið heil mikla eftirtekt upp á síðkastið fyrir ótrúlegan samtakamátt heimafólks en þar hefur nær hvert einasta mannsbarn í sveitinni lagt hönd á plóg til að gera frjálsíþróttavöll, sem mun án nokkurs vafa efla áhuga á hreyfingu og greininni í sveitinni

Landinn gerði á dögnum afar skemmtilegt innslag um völinn, sem vakti mikla eftirtekt.

En fleiri undur og stórmerki eiga sér stað hjá ungmennafélaginu Vísi. Þar hefur borðtennisiðkun aukist mikið upp á síðkastið og á félagið nýjasta liðið í deildakeppninni í borðtennis”.

Veglegt vígslumót mun fara fram á Vísivellinum helgina 26.-28. júní 2026 og skorum við á allt íþróttaáhugafólk að mæta hvort heldur sem er til að keppa eða horfa á, það er ekki á hverjum degi sem vígður er nýr íþróttavöllur.

Eftir þingið átti formaður USÚ svo ágætt spjall við hluta af stjórn USVS og úr því spruttu samræður um hvort ekki gæti verið gaman að taka upp þráðinn og endurvekja sýslumót milli Vestur- og Austur Skaftafellssýslu, en samskonar hugmynd hefur einnig verið viðruð við UÍA.

Formannafundur ÍSí var svo haldinn föstudaginn 21. nóvember 2025 á Akranesi. Eftir fundinn héldu formenn USÚ og USVS áfram óformlegu samtali með þá hugmynd að endurvekja á einhvern hátt íþróttakeppni milli héraðanna og hefur verið vel tekið í þá hugmynd af félögum okkar fyrir vestan. Ég vil hvetja fundarmenn til að íhuga það hvort ekki mætti starta að nýju íþróttakeppni milli Austur og Vestur Skaftafellssýslu, nú eða við þau austan við okkur í UÍA. Síðasta keppni milli austurs og vesturs voru skólamótin þar sem grunnskólarnir kepptu í öllum þeim greinum sem hægt var að keppa í innandyra á hverjum stað fyrir sig. Keppt var í 5-10. bekk í innanhúsfótbolta, körfubolta, frjálsíþróttum og skák svo eitthvað sé nefnt og var þá skipst á að keppa á Höfn, Vík í Mýrdal og í bragganum á Kirkjubæjarklaustri. Þaðan er fræg sagan þegar að þáverandi íþróttamaður ársins innan USÚ, Vigfús Dan Sigurðsson varpaði kúlunni yfir salinn endilangan í bragganum og í vegginn hinu megin. Árið 1998 var síðasta skólamótið haldið og var það jafnframt mitt fyrsta íþróttamót og eitt það allra eftirminnilegasta sem ég hef tekið þátt í á mínum íþróttuferli. Þar sem skólahald var lagt niður á meðan á keppni stóð þá var húsfyllir í íþróttahúsinu á Höfn, allir krakkarnir sem ekki voru að

keppa fylltu stúkuna og hvöttu hin áfram og allt ætlaði um koll að keyra þegar að áður nefndur Fúsi Dan steig á stökk og setti Íslandsmet í kúluvarpi!

Þetta var nú smá útúrdúr, en þó með ástæðu því að skömmu eftir samtalið við Vestur Skaftfellinga þá fengum við í stjórn USÚ sendan óvæntan tölvupóst frá gullsmið á Akureyri sem sagðist hafa rekist á medalíur hjá sér steiptar með merki USÚ fyrir einhverjum áratugum síðan og hvort við hefðum áhuga á að kaupa þær. Formaður sem vann til verðlauna á áður nefndu móti 1998 var ekki lengi að kannast við gripina og einhver hefði nú sagt að þetta væri etv. merki um að við ættum jafnvel að endurvekja mótin úr því að nánast 3 áratugum eftir að síðasta mótið var haldið þá voru okkur sendar þær medalíur sem eftir voru til á lager og löngu fallnar í gleymsku.

En yfir í nútímann.

Laugardaginn 19. júlí stóð Akstursíþróttafélag Austur Skaftafellssýslu fyrir stórkostlegri skemmtun þegar að 3. umferð Íslandsmótsins í motocross var haldin á geggjaðri nýuppgerðri braut sem félagsmenn Akstursíþróttafélagsins höfðu staðið í að umbreyta vikurnar á undan í glæsilegt keppnissvæði. Það var frábært að sjá keppni á svo háu getustigi haldna á okkar félagssvæði og var það umtalað meðal þeirra sem til þekkja í sportinu að brautin væri vel heppnuð, bæði skemmtileg og sérlega góð til aksturs. Við í stjórn viljum nýta tækifærið og óska Akstursíþróttafélaginu til hamingju með afrakstur sumarsins, bæði glæsilegt mót og glæsilega braut!

Unglingalandsmótið fór fram á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina. Þangað mættum við í stjórninni og fengum að taka þátt í skruðgöngu með góðum hóp keppenda frá USÚ sem vann til fjölda verðlauna á mótinu, m.a. í kökuskreytingum, gras-handbolta og blaki, körfubolta, golfi og svo mætti lengi telja. Á frjálsíþróttavellinum unnu okkar keppendur einnig til verðlauna, m.a. í boðhlaupum þar sem formaður stökk til og aðstoðaði við að koma saman 5 boðhlaupssveitum og kenna þeim skiptingar rétt fyrir hlaup. Það var mikil gleði meðal sveitanna eftir hlaupin en öll voru þau þó sammála um að betra væri að reyna næst að æfa skiptingarnar aðeins fyrr en korter í keppni.

Í lok nóvember hittust svo í Suðursveit stjórnir USÚ og UÍA ásamt svæðisfulltrúunum á Austurlandi til að styrkja tengslin milli íþróttahéraðanna tveggja.

Veittir voru styrkir á árinu úr Styrktar- og afrekssjóði fyrir rúmar 2 milljónir króna til efnilegs íþróttafólks innan USÚ. Stjórnin hvetur aðildarfélög til þess að sækja um styrki til sambandsins. Einnig vill stjórn ítreka mikilvægi og þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í Styrktar- og afrekssjóðinn því með aðkomu þess er hægt að veita styrki sem virkilega skipta máli.

USÚ hlaut í haust styrk úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar, fyrir verkefnið "Allir á æfingu". Stjórn USÚ hefur ákveðið að nýta styrkinn til að setja á laggirnar sjóð, sem ganga mun undir nafninu Stuðningssjóður USÚ. Honum er ætlað að tryggja að öll börn, 10 ára og eldri, innan aðildarfélaga USÚ, óháð áskorunum eða fötlun, hafi jafnan aðgang að skipulögðu íþróttastarfi.

Sjóðurinn kemur til með að styrkja aðildarfélögin til að greiða laun aðstoðarþjálfara sem koma inn til félags eða deildar til þess að vinna sérstaklega með börnum sem þurfa aukinn stuðning til að geta tekið virkan þátt í æfingum og keppni.

Með þessu er leitast við að stuðla að félagslegri þátttöku, jöfnum tækifærum og jákvæðri reynslu allra barna innan íþróttahreyfingarinnar.

Á heimasíðu usu.is er hægt að finna lög og reglur sambandsins og upplýsingar um styrktarumsóknir. Einnig er mikið af upplýsingum á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ sem geta nýst aðildarfélögum í þeirra vinnu. Þá vekur stjórnin sérstaklega athygli á Svæðisstöð Íþróttahéraða á Austurlandi og hvetur sambandsaðila til þess að nýta sér þjónustu starfsmannanna sem þar eru. Að sjálfsgöðu má einnig alltaf leita til stjórnar USÚ eftir aðstoð. USÚ og aðildarfélög þess gegna lykilhlutverki í mótun íþrótta- og lýðheilsustarfs. Með fjölbreyttu starfi leggja þau grunn að samfélagi þar sem vellíðan, þátttaka og hreyfing eru ekki undantekning, heldur hluti af daglegu lífi. Stjórnin vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem sinna störfum fyrir sín aðildarfélög. Það er ekki sjálfgefið að starfa af alúð og krafti fyrir sitt félag, það þarf mikla ástríðu fyrir starfinu. Sú ástríða sést vel á sambandssvæði USÚ. Því til staðfestingar þá byrjaði árið 2026 á skemmtilegan hátt þegar formaður USÚ var þann 3. Janúar á viðburðinum Íþróttamaður ársins sæmdur gullmerki ÍSÍ og nafnbótinni Íþróttaldhugi ársins 2025 á Íslandi fyrir starf sitt í þágu Umf. Vísis í Suðursveit. Verðlaunin vonar formaður að verði öðrum hvatning til að láta sitt ekki eftir liggja í því að láta hugsjónir rætast íþróttahreyfingunni til heilla!

Bjarni Malmquist Jónsson, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2025

Á árinu 2025 var tvisvar sinnum úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki 1. ágúst 2025, samtals 1.246.112 kr.:

Ída Mekkín Hlynisdóttir vegna æfinga og keppni í hestaíþróttum,

Hlynur Ingi Finnsson vegna æfinga og keppni í körfuknattleik,

Birgir Leó Halldórsson vegna æfinga og keppni í körfuknattleik.

Þessi hlutu styrki 23. desember 2025, samtals 800.000 kr.:

Hannes Þór Guðnason vegna æfinga og keppni í mótorkrossi,

Bjarni Magnússon vegna æfinga og keppni í hestaíþróttum,

Jahem Tristan Ocvil vegna æfinga og keppni í körfuknattleik.

Ársreikningur USÚ 2025

	2025	2024		<i>Fjárhagsáætlun 2025</i>
Rekstrartekjur				
Lottó	6.868.062	7.693.098	1)	4.025.880
Getraunir	1.724.708	1.743.561	2)	1.724.708
Aðrar tekjur	2.344.500	189.000	3) 4)	100.000
Rekstrartekjur alls	10.937.270	9.625.659		5.850.588

Rekstrargjöld				
Lottó til aðildarfélaganna	3.732.882	7.584.830		3.220.704
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	1.531.287	302.096	5)	1.342.557
Auglýsingar og heimasíða	41.900	31.589		50.000
Verðlaun	112.340	53.880		60.000
Ferða- og fundakostnaður	338.666	212.492	6)	300.000
Styrkir	800.000	0	7)	900.000
Annar mótakostnaður	144.500	189.000	4)	100.000
Annað	45.676	279.472		50.000
Rekstrargjöld alls	6.747.251	8.653.359		6.023.261

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	4.190.019	972.300		-172.673
---	------------------	----------------	--	-----------------

Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur	320.206	407.783		240.000
Fjármagnstekjuskattur	-70.446	-89.712		-52.800
Fjármagnsliðir alls	249.760	318.071		187.200

Hagnaður/Tap	4.439.779	1.290.371		14.527
---------------------	------------------	------------------	--	---------------

Efnahagsreikningur 31.12.2025

Eignir				
Bankainnistæður	16.120.302	11.680.523		
Eignir alls	16.120.302	11.680.523		

Eigið fé	12.081.004	9.239.203		
-----------------	-------------------	------------------	--	--

Skuldir				
Ógreitt lottó til aðildarfélaganna v. áramót	4.039.298	1.702.645		
Ógreitt lottó í styrktar- og afrekssjóð	0	738.675	5)	
Ógreiddir reikningar	0	0		
Skuldir alls	4.039.298	2.441.320		

Skuldir og eigið fé 31.12.2025	16.120.302	11.680.523		
---------------------------------------	-------------------	-------------------	--	--

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2025

	2025	2024
Rekstrartekjur		
Lottó	1.531.287	302.096
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	1.343.276	924.794
Aðrir styrkir	0	0
Rekstrartekjur alls	2.874.563	1.226.890

Rekstrargjöld		
Styrkir	2.046.112	495.000
Rekstrargjöld alls	2.046.112	495.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	828.451	731.890
---	----------------	----------------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	444.305	464.416
Fjármagnstekjuskattur	-97.747	-102.172
Fjármagnsliðir alls	346.558	362.244

Hagnaður/Tap	1.175.009	1.094.134
---------------------	------------------	------------------

Efnahagsreikningur 31.12.2025

Eignir		
Styrktar- og afrekssjóður	7.709.175	6.534.166
Inneign hjá aðalsjóði	0	738.675
Eignir alls	7.709.175	7.272.841

Eigið fé	7.709.175	7.272.841
-----------------	------------------	------------------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2025	7.709.175	7.272.841
---------------------------------------	------------------	------------------

Skýringar

- 1) Lottó varð umtalsvert meira en búist var, vegna svokallaðs björgunarpakka í kjölfar sambandsþings UMFÍ sl. haust. Búið er að greiða út helming pakkans, 2.029.753 kr., og hinn helmingurinn verður greiddur út haustið 2026.
- 2) Hlutur USÚ í getraunastarfsemi í héraðinu. Samkvæmt 3. efnisgrein 7. gr. laga um getraunir, nr. 59/1972, fær stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.
- 3) USÚ fékk greidda tvo styrki úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar, samtals 2,2 milljónir króna, sem voru annars vegar notaðir til að koma á fót Stuðningssjóði USÚ og hins vegar í fræðsluviðburði í tengslum við börn með fatlanir á svæðinu í samstarfi við UÍA.
- 4) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo viðkomandi félag.
- 5) Við síðari lottóúthlutun ársins 2024 gleymdist að millifæra 738.675 kr. inn á reikning styrktar- og afrekssjóðs. Úr því var bætt í apríl 2025.
- 6) Kostnaður við USÚ þing og þá fundi sem USÚ er skylt að senda fulltrúa á.
- 7) Veittir voru þrjú styrkir, einn til Umf. Vísis vegna kaupa á þjálfunarbúnaði fyrir borðtennis og tveir til Umf. Sindra vegna stefnumótunar annars vegar og kaupa á vallarklukku hins vegar.

Bjarni Malmquist Jónsson, formaður USÚ

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Sveinn Rúnar Ragnarsson, varaskoðunarm.

Margrét Kristinsdóttir, ritari USÚ

Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu starfsskýrsluskil og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
 - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
 - Kosning fulltrúa á Íþróttaping (ÍSí þing).
 - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaþing:

Aukaþing má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarfélaga óskar þess. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundur skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14.gr.

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 90. ársþingi USÚ, 23. mars 2023.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambands svæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

1. grein – Skipting lottótekna USÚ

Af heildinni fara:

- 5% til USÚ
- 15% í Styrktar- og afrekssjóð USÚ
- 80% til aðildarfélaga

2. grein – Skipting lottótekna til aðildarfélaga USÚ

- 20% er skipt jafnt
- 40% er skipt eftir fjölda iðkenda á aldursbilinu 6-16 ára
- 20% er skipt eftir fjölda annarra iðkenda
- 20% er skipt eftir félagsmannafjölda

Tölur yfir iðkendur og félagsmenn miðast við síðustu starfsskýrsluskil á undan.

3. grein – Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

1. Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
2. Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.
3. Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 1. og 2. gr.

4. grein – Ný aðildarfélög

Ný aðildarfélög USÚ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og að liðin séu a.m.k. tvö ár frá inngöngu þeirra.

5. grein – Um úthlutun

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Þessum reglum var síðast breytt á 91. ársþingi USÚ, 29. apríl 2024

Starfskýrslur aðildarfélaga

Starfsskýrsla Ungmennafélagsins Mána

Starfsemin á árinu 2025 var að mestu með hefðbundum hætti.

Þann 6. janúar var hvasst og brennunni var því frestað um einn dag. Kveikt var í brennunni þann 7. janúar klukkan 17:00 og flugeldasýning hófst 17:30. Veðrið var með fallestu móti. Frábær mæting og fólk varði lengri tíma við brennuna en vanalega. Björgunarsveitin var að venju með tilkomumikla flugeldasýningu.

Aðalfundur Mána var haldinn 27. febrúar og voru 5 manns sem mættu.

Breyting á stjórn Ungmennafélagsins Mána: Þorgrímur Tjörvi sagði af sér sem ritaði og Hannes Halldórsson tók sér stöðu ritara. Þeir sem sitja í stjórn eru:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir Bjarnanesi 3, formaður.

Hannes Halldórsson, Silfurbraut 4, ritari.

Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, Hæðagarði 19, gjaldkeri.

Varamenn:

Elías Tjörvi Halldórsson, Hraunhóli 8.

Marianna Jónsdóttir, Hæðagarði 5.

Nokkuð var um fundi á starfsárinu. Elín hitti Jóhönnu 10. febrúar og ræddi við hana um vallarmál og fyrirhugaðar frjálssíprótttaæfingar á Mánavelli um sumarið. Var hvött til að hitta Gunnar Inga og ræða þessi mál frekar. Þau hittust og gengu um völinn. Í kjölfarið var send beiðni um úrbætur (19. mars 2025). Okkur var færður sandur í langstökksgryfjuna en annað var ekki gert. Þurfum að minna á þetta og ákveða fyrir hvaða dag við viljum að völlurinn sé klár.

92. ársþing USÚ var haldið á Hrollaugstöðum 22. apríl 2025. Á hann mættu sex fulltrúar frá Mána.

Mikil vinna fór í að græja herbergið í kjallara Mánagarðs, undirbúa það fyrir frjálssípróttadót. Það sem á eftir að gera þar: skrapa gamla málningu úr stiganum. Steypa í tvær holur (efni til staðar). Lakka gólfíð og stigan.

Skipulagt var frjálssípróttastarf. Jóhanna Íris, Selma Ýr Ívarsdóttir og Atli Dagur sáu um æfingarnar.

Hástökksdýna var flutt inn í Mánagarð. Mæting í júní var ágæt en í júlí og ágúst var hún léleg.

Æfingafjöldi í heildina var 12 æfingar. Þurfum að taka ákvörðun með sumarið 2026. Ætlum við að halda úti frjálssípróttastarfi 2026?

Tekjur og gjöld, samantekt vegna frjálssípróttta:

Tekjur: +35.000 kr

Þjálfarakostnaður: -165.750 kr

Styrkur úr Hvatásjóð: +200.000 kr

Kaup á áhöldum: -211.229 kr.

= -149.979 kr tap

Auk þess viðhald á geymslu = -57.772 kr

Mót í sumar:

Vígslumót Vísisvallar: 27. júní

Bikarkeppni FRÍ: 12. júlí (ath með þátttökugjald).

Unglingalandsmót UMFÍ: 31. - 2. ágúst
Meistaramót Íslands 11-14 ára: 14. - 16. ágúst

Svenni í Akurnesi kom með bekkni Ungmennafélagsins í Mánagarð fyrir hátíðarhöld 17. júní. Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur. Veður var kalt og örlítill rigning. Stefnt var að því að ganga með Laxá í kringum Meðalfell. Þegar við gengum niður að Laxá þá kom í ljós að jarðvegurinn var of sleipur fyrir fólk á breiðu aldursbili. Gengið var því hálfa leið upp að Meðalfelli og þaðan yfir túnið hjá gömlu rústunum. Komum niður að hesthúsum hjá Olgeiri og gengum þaðan aftur í Mánagarð. Þessi ganga var stutt en flestir voru sammála um að hún hafi verið nógu löng þegar tekið var tillit til vinds og kulda. Dagskráin var flutt inn vegna veðurs. Mæting var mjög góð. Farið var í eggjaboðhlaup, reipitog, pokahlaup og naglaboðhlaup svo eitthvað sé nefnt. Kræsingar þetta árið voru óvenju veglegar. Að venju var boðið upp á grillaðar pylsur en að auki voru í boði afgangar sem Kvenfélagið Vaka gaf okkur úr erfidrykkju sem hafði verið daginn áður. Þrátt fyrir veður stóð ekki til boða að sleppa hinum árlega blandaða fótbolta og færðist dagskráin þá að hluta til út. Þar var mikið fjör bæði hjá ungum og öldnum. Karamellum var dreift í tvennu lagi. Fyrst á bakvið Mánagarð, fyrir þau yngri sem vildu fara áður en dagskráin kláraðist. Og að lokum fótbolta var restinni dreift ofan af Mánagarði, öllum viðstöddum til mikillar gleði. Annað sem gerðist: við keyptum pannavöll. Hann er í geymslu á Höfn og verður settur upp sumarið 2026. Stefnt er að því að staðsetning verði valin í samráði við Sveitarfélagið. Þessi völlur er enn ógreiddur, pantaður hjá UMFÍ.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá í fyrra fallinu þetta árið svo það fyki nú ekki eins og árið 2024. Það fór upp 26. nóvember og féll það í hlut Halldórs í Þinganesi, Jónsa á Stapa og Elínar í Bjarnanesi. Engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð kom frá Kiwanisklúbbnum Ósi. *Óskað var eftir því við Björgunarfélagið að kostnaður greiddur vegna brennu 2024 yrði bókaður milli félaga sem kostnaður brennu 2026 (þar sem brenna 2024 var haldin á Höfn, stjórnarmenn telja ekki rétt að félagið greiði fyrir brennu sem haldin var á Höfn). * í Ársreikningi: höfum ekki enn fengið reikning vegna brennu 2026.*

Skýrsla þessi var rituð af stjórnarmeðlimum:
Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir, formaður
Dagbjört Gerður Magnúsdóttir, gjaldkeri
Hannes Halldórsson, ritari

Starfsskýrsla Ungmennafélags Öræfa

Öræfingakórinn var með vikulegar æfingar, sungið mestmegnis á íslensku en einnig tekin lög á ensku, pólsku og þýsku.

23. janúar var þorablót Leik- og Grunnskólans í Hofgarði og UMFÖ styrkti viðburðinn. Skólabörnin voru bæði með lesin atriði og tónlistarflutning, þetta var mjög skemmtileg samverustund allra aldurshópa, góð mæting úr samfélaginu í Öræfum.

1. mars Fræðslukvöld UMFÖ á Kaffi Vatnajökli var virkilega vel heppnað og skemmtilegt. Jón Viðar Sigurðsson jarðfræðingur hefur um árabíl rannsakað skriðuföll á jökla í Öræfum, auk þess að ganga um fjöllin bæði til gamans og í starfi sínu sem leiðsögumaður. Hann hefur líka gengið mikið á Grænlandi og seinni hluti myndasýningarinnar var þaðan.

Góuhófið var haldið fyrsta laugardag í mars, að venju. Það er rekið á kennitölu UMFÖ þó alltaf sé skipuð sérstök nefnd til að annast það.

14.mars var opnuð facebooksíða félagsins þar sem nýtt merki var kynnt fyrir alheiminum.

Aðalfundur félagsins var haldinn á Hótel Skaftafelli þriðjudaginn 18. mars klukkan 18:00. Þar voru hefðbundin aðalfundarstörf og fundargestum boðið upp á súpu. Átta mættu á fundinn og þar voru umræður um starfsemina á árinu, það er gott að fá umræðuna og stjórn fagnar öllum hugmyndum sem henni berast.

30.mars Öræfingakórinn söng nokkur lög á bókmenntahátíð á Þórbergssetri. Sigrún, Katerina, Juanita, Palla, Eva, Lóa og Beata sungu: Gefðu að móðurmálið mitt, Lysthúskvæði og Nú tjaldar foldin fríða. Steinunn Ólafsdóttir er söngstjórinn okkar og Eva kynnti fyrir gestum bókmenntahátíðarinnar hvernig Steina notar tæknina til að þjálfa okkur þó hún sé búsett í Keflavík.

22.apríl sóttu Svanhvít og Dan ársþing USÚ á Hrollaugsstöðum.

24.maí var sameiginleg Vorferð Skaftfellingafélagsins og UMFÖ á Skeiðarársand. Það voru 23 þátttakendur, sumir mættu úr Öræfum og sumir komu að sunnan. Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasfræðingur, Helgi Björnsson jöklafræðingur og Kristín Svavarsdóttir plöntuvistfræðingur stýrðu skoðunarferðum og héldu fróðleg erindi. Nonni á Nesinu sá um akstur á rútunni og eftir ævintýrin á sandinum var haldið í Skaftafell til að skoða ljósmyndasýningu Laufeyjar Lárusdóttur. Síðan var farið á Hótel Skaftafell þar sem kvöldverður beið þeirra sem vildu.

17.júní Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur í Öræfum með formlegri opnun göngu- og hjólastígsins Ölduslóðar (sem liggur frá Svínafelli í gegnum Freysnes og að Skaftafelli). Dagskráin hófst í Freysnesi og síðan var gengið að Svínafelli þar sem farið var í leiki og snæddar veitingar. Þetta var samstarfsverkefni Ungmennafélags Öræfa, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vatnajökulsþjóðgarðs. Ég taldi 70 í Freysnesi og Svínafelli og 18 fögnuðu í Skaftafelli, það voru því a.m.k. 88 sem tóku þátt í að fagna deginum með okkur í Öræfum.

28.júní fór Öræfahlaupið fór fram í Skaftafelli: 23 km utanvegahlaup með 1.000 metra hækkun. Viðburðurinn var ekki á vegum UMFÖ en ég nefni hann hér vegna þess að Þorsteinn Roy, einn skipuleggjendanna, keppir f.h. UMFÖ þegar hann er ekki sjálfur að stýra keppninni! Þetta var góður dagur og allt gekk vel, enda var mjög vel að öllu staðið. Það var ánægjulegt hve margir hlauparar voru úr heimabyggð: átta Öræfingar, einn úr Suðursveit og þrettán Hornfirðingar. Það voru því 22 af 118 hlaupurum úr Sveitarfélaginu Hornafirði, eða 19%.

9.-10.ágúst styrkti UMFÖ grímugerðarnámskeið fyrir börn sem haldið var í Býflugnabænum á Fagurhólsmýri. Það var Katerina Fojtikova sem hélt námskeiðið í samstarfi við Evu Bjarnadóttur, og bæði leik- og grunnskólabörn í Öræfum tóku þátt.

26.september keppti Þorsteinn Roy Jóhannsson á heimsmeistaramóti í utanvegahlaupum sem fram fór á Spáni, í 45 km. hlaupi. Þorsteinn Roy varð í 57.sæti á mótinu og varð fyrstur Íslendinga í mark. UMFÖ er stolt af því að Þorsteinn keppti fyrir hönd félagsins og óskar honum áframhaldandi velgengni.

3. og 4. október tók UMFÖ þátt í kvikmyndahátíðinni ÖræfaRiff í Skaftafelli, þar sem bíósýningar voru haldnar tvö kvöld í röð: myndin Anorgasmia eftir Jón Gústafsson og heimildamynd um Megas eftir Spessa.

Í nóvember samþykkti stjórn að styðja verkefni sem Peter bauð upp á, vikulegar hreyfistundir fyrir börnin. Hreyfingin er á fimmtudögum.

20. desember skipulögðu Lovísa og Sophia markað í Hofgarði og fengu marga til liðs við sig, þ.á.m. UMFÖ. Þetta var skemmtilegt framtak og vel sótt.

Jólaball UMFÖ var haldið í Hofgarði 26. desember kl. 17. Sigrún og Hafdís leiddu sönginn við jólatréð og það var tekið vel undir. Markús leysti hlutverk Hurðaskellis vel af hendi og þetta var mjög skemmtileg stund, sem endaði á kaffi og spjalli, það voru í kringum 45 sem mættu.

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Síðasti aðalfundur var haldinn 20 mars 2025 þá voru kosnir í stjórn Kristján Guðnason og Ásgeir Gunnarsson en Halldóra Bergljót Jónsdóttir og Kristján V Björgvinsson voru að klára fyrra ár af tveimur. Undirrituð var kosin formaður.

Einnig var kosið í mótastjórn en þar er formaður Jóna Benný og meðstjórnendur Hjálmar, Hreiðar Bragi, Jón Guðni og Kristin J Snjólfsson.

Jóna Benný og Hreiðar Bragi gefa ekki kost á sér áfram í mótanefnd og þökkum við þeim gott og farsælt starf í nefndinni. Jóna Benný hefur sinnt formennsku í mótanefnd í nokkur ár. Í hennar umsjá hafa orðið töluverðar breytingar á mótahaldi og má segja að hún ásamt nefndinni hafi fært okkur inn í nútímann með því að ýta að okkur tækninni og auk þess komið á töluverðum breytingum hvað varðar meistaramótið okkar svo eitthvað sé nefnt

En sem betur fer er Jóna Benný ekki hætt í klúbbum og er hún nú tekin við kvennastarfinu og eru þegar farnar að berast auglýsingar og fréttir þaðan. Hreiðar Bragi er einn af okkar ötulu sjálfboðaliðum og hefur verið einn af þeim mönnum sem sinnt hafa vellið af mikilli elju og nú ætlar hann að gerast starfsmaður að hluta hjá okkur í sumar.

Nú er golfhermirinn búin að vera í gangi í um það bil eitt ár og hefur reynst vel. En á þeim vettvangi sem öðrum innan klúbbsins þá gengur ekkert á þess að hér sé fólk tilbúið í sjálfboðavinnu og á það einnig við um allt utan um hald í kringum herminn. Vissi ég að því að þeir sem því sinna voru meira að segja að störfum á jóladag. Þar stendur vaktina hann Hjálmar og nýtur aðstoðar Stinna og Braga. Við sáum að í desember var innkoman af herminum búin að borga hann upp að rúmlega hálfu leiti en núna tveim mánuðum seinna hefur reyndar vel bæst við. Tekin var ákvörðun strax í upphafi að hafa verðið í herminn hóflegt og ekki áform um að hækka það gjald.

Viðhald og frágangur við golfskálann hélt áfram á árinu og er þar helst að nefna stéttina sem búin er að steypa þessa vinnu fáum við gefins eða sem styrk og þökkum við fyrir það. , Benni sá um að járnabinda og gera klárt og svo komu menn frá Gunnari Gunnlaugs sem sáu um að steypa og slétta.

Barna og unglिंगastarf sumarsins var í höndum Jóns Guðna en um það bil 30 börn og unglिंगar stunduðu æfingar og eða tóku þátt í unglिंगagolfi á kvöldin. Börnum 9 ára og eldri sem voru á sumaræfingum bauðst svo að halda áfram á æfingum í herminum í vetur en þar voru æfingar bæði fyrir og eftir áramót. Jón Guðni, Halldór Sævar og Bergþóra tóku þetta að sér

Golfhermirinn hefur einnig verið nýttur fyrir ungmennin okkar en FAS og í haust var ákveðið að nemendur á afreksbraut í FAS geta æft golf. Grunnskólinn hefur einnig haft aðgang að herminum þegar boðið er upp á golfval þar.

Félagsstarfið var öflugt og mikið fjör í mótahaldi sem formaður mótanefndar mun gera grein fyrir hér á eftir. Mesta stuðið var samt örugglega í Hefðarmeyja mótinu eins og áður. Klúbburinn hélt eitt Íslandsmót sem þótti takast vel en þar sá Gestur Halldórsson um dómgæslu.

Á árinu hélt áfram að fjölga í klúbbum og þegar flestir voru skráðir voru félagsmenn 190

Mikil vinna var lögð í golfvöllinn eins og önnur ár og var hann í góðu standi í sumar og fékk mikið lof gesta og gangandi. Klúbburinn hafði tvo starfsmenn um sumarið en það voru þeir Vignir Snær og Óðinn en eins og áður þá eru menn eins og Gestur og Venni ásamt Braga, Stinna og fleirum sífellt á vakt og tilbúnir að gera og græja það sem þarf hverju sinni. Verður þessum mönnum seint full þakkað enda njótum við hin góðs af.

Þær stóllur Heiða Vilborg og Vigdís María sáu um skálann síðasta sumar en ákváðu að snúa sér að öðru. Við þökkum þeim kærlega fyrir að hafa hugsað um okkur síðustu tvö sumur og að hafa passað vel upp á að vallargjöldin skiluðu sér.

Þetta sumar var aukning á fólki erlendis frá sem kom til að spila völinn sem er skemmtilegt og fyrir næsta sumar hafa ferðaskrifstofur haft samband til að kanna hvort hægt sé að koma og spila en það er þó bara einn hópur bókaður eins og er.

Stjórn golfklúbbsins byrjaði strax í haust að huga að næstu verkefnum en eftir framkvæmdir við skálann er næsta skref að huga að viðhaldi og framtíð golfvallarins. Áður var búið að vinna nokkurskonar verk áætlan fyrir völinn og þá reynt að horfa til framtíðar með það hver verður þörfin eftir 10, 20, og jafnvel 50 ár.

Búið var að kortleggja hvaða verk lægu fyrir og síðan reynt að raða þeim niður á ár, eða tíma. Brýnasta verkefnið var að dreyna 1. brautina en einnig 4., 7., og 9. braut. Æfingasvæðið er eitt af því sem er brýnt að endurskipuleggja og betrubæta, svo eru flatir sem þarf að vinna upp á nýtt eins og t.d. á þriðju. Teigarnir og vökvunargræjur eru líka hátt á þessum lista sem er æði langur

Haldnir hafa verið fundir með Edwin Rolan hönnuði vallarinn bæði hvað varðar fyrirhugaðan stíg í gegnum völinn, nýtt æfingasvæði og þá stækkun vallarins í framtíðinni.

Eitt af fyrstu verkefnum haustsins var því að fara í viðræður við bæjaryfirvöld um fjárhagslega þátttöku í því að dreyna 1. brautina sem er dýr framkvæmd. og fengum við styrk fyrir 80% kostnaðarins eða að hámarki 8. milljónum. Sem við erum afar þakklát fyrir. Einnig var rætt um að taka frá land fyrir framtíðarafnot vallarins sem hefur verið vel tekið og að lokum var samið um að golfklúbburinn tæki við efni frá nýja byggingarsvæðinu sem myndi nýtast við uppbyggingu á æfingasvæðinu þar sem áformað er að snúa svæðinu og bæta þar við ca 3 stuttum brautum sem nýtast okkar yngstu kylfingum sem og öðrum sem vilja prófa sig áfram án þess að vera úti á velli.

Allt þetta kallar á að fá fólk til starfa enda þrífast félög sem þessi ekki vel án sjálfboðaliða.

Ég vil þakka öllum sem lagt hafa til vinnu í þágu klúbbsins fyrir þeirra framlag sem og fyrirtækjum, stórum sem smáum sem leggja okkur lið með ýmsu mótum s.s. beinum styrkjum, verðlauna á mót, vinnuframlaga án þess að rukka fyrir og svo mætti lengi telja. En án þessa væri erfitt að reka svona starfsemi.

Búið er að ráða Kristján Reyni sem vallarstarfsmann í sumar en hann mun einnig vera Jóni Guðna til aðstoðar. En Jón Guðni verður með æfingar fyrir börn og unglunga.

Svo vil ég nefna að umfang bókhaldsins vex með ári hverju. Við eru heppin að Begga hefur séð um það en þar sparast töluverður kostnaður, við vonum bara að hún sinni gjaldkerastarfinu sem lengst.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Hornafirði 5 mars 2026

Halldóra Katrín Guðmundsdóttir

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Félagshesthús.

Góð nýting hefur verið á Félagshesthúsi/Reiðhöll en það hafa meira og minna verið hross í húsinu allt árið þar sem félagar hafa verið duglegir að nýta aðstöðuna til tamninga og þjálfunar annars var húsið fullt yfir hefðbundna tímabilið, des -maí og þar af 6 stíur nýttar af börnum og unglíngum.

Settar voru plastgrindur í gólf í 10 stíur núna í haust en sum hross hafa verið dugleg að grafa holur í stíur og þar af leiðandi miklu efni verið mokað út og vantað orðið töluvert efni í gólfin.

Reiðhöll.

Farið var með jarðvegstætara í gólf Reiðhallar og gólfið rifið upp þar sem gólfið var grjóthart og hált undir golfflísinni og gólfið svo heflað. Ný Led ljós eru komin og bíða uppsetningar. Fundur fulltrúar hrossabænda og fagráðs var haldin 18. feb. þar sem þau Nanna Jónsdóttir formaður stjórnar hrossabænda og fagráðs og Þorvaldur Kristjánsson, hrossaræktarráðunautur héldu erindi.

Ekkert varð af knapamerkjánámskeiði þetta árið vegna dræmrar þátttöku.

Reiðnámskeið var haldið helgina 29 og 30 mars með Ragnheiði Þorvaldsdóttir og tóku 22 félagsmenn þátt í því og var í framhaldi boðið upp á reiðnámskeið í maí en var því aflýst vegna dræmrar þátttöku.

Firmanefnd stóð sig með vel í söfnun Firma og fá mikið hrós fyrir

Firmamót var haldið 26 apríl og voru 23 skráningar þar sem Leo Geir Arnarson sá um að dæma og færur við styrktaraðilum kærar þakkar fyrir og svo var kökuhlaðborð hjá í Stekkhól á eftir sem er alltaf jafn vinsælt.

Eitthvað var farið í skipulagða reiðtúra og ber helst að nefna Páskareiðtúrinn, Skógeyjarhringinn og riðið upp í Lón.

Stekkhóll var eitthvað leigður út til veisluhalds og einnig var eldhús tekið í gegn, málað, sett ný gólfefni, uppþvottavél tengd, ný eldhúsinnrétting. Keyptir voru 2 nýir gluggar á suðaustur hlið sem bíða þess að vera settir í, annars er komin tími á mikið viðhald á húsinu að utan.

Hestamannafélagið tók þátt í Frístund sem Nýheimar þekkingasetur hélt og var þar með bás þar sem starfið var kynnt og einnig var mætt með Hest og teymt undir gestum.

Reiðvegamála.

Fundað var með Vegagerðinni og Sveitarfélaginu vegna nýs vegar um Hornafjörð en þar kom fram að ekki yrði gerðir stígar fyrir hesta, gangandi, hjólandi fólk meðfram vegi frá Hafnarnesi að Skarðshólum heldur hefðu viðkomandi fólk áfram gamla veginn frá Lónafleggjara að Skarðshólum.

2,8 mill. Komu til reiðvegagerðar þetta árið og keyrt var hörpuðu efni í reiðveg frá Lónafleggjara að Skarðshólum og einnig var sett varnargrjót á reiðveg (Öddahring) við Laxá.

Vallarmál:

Nýtt dómhús var tekið í notkun á Félagsmóti og kom vel út fyrir utan að það á eftir að setja nýjan stóran glugga í það sem hefur verið keyptur.

Keyrt var og hefð höfðu efni frá Hesthúsum að Stekkhól.

Félagsmót Hornfirðings var haldið helgina 21 og 22 júní og voru um 40 skráningar á það.

Stjórn HH.

Ársskýrsla Klifurfélags Öræfa

Lítið um að vera í félaginu sökum þess að við höfum náð svo til hámarksstærð í núverandi húsakynnum. Engir viðburðir haldnir en áfram talsvert klifrað í Káraskjólí. Væri gott að skoða að kaupa fleiri lóð/ketilbjöllur, teygjur og dýnur.

KFÖ sagði sig úr KÍ vegna þess hve kostnaðarsamt það var og lítið upp úr aðild að hafa.

Við höldum áfram að vekja athygli á því að Káraskjól sé ekki íþróttahús. Félagið heldur áfram að þrýsta á sveitarfélagið.

Íris Ragnarsdóttir Pedersen, formaður KFÖ

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Vísis

Árið 2025 var etv. eitt það allra sögulegasta og viðburðaríkasta í 114 ára sögu ungmennafélagsins Vísis. Árið byrjaði strax á aðalfundi 2. Janúar, þar voru kosin í stjórn Bjarni Malmquist Formaður, Hildur Margrét gjaldkeri og Aðalbjörg Bjarnadóttir ritari. Á fundinum var farið yfir tilvonandi íþróttavallagerð en einnig var stofnuð borðtennisdeild og var fyrsta verk Atla Más formanns deildarinnar að sækja um aðild að borðtennissambandi Íslands. Þar var okkur heldur betur tekið fagnandi. Á Pálmásunnudegi mætti sjálfur formaður Borðtennissambands Íslands, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir og var með kynningu og æfingu í borðtennis. Auður mætti með tvö borðtennisborð með sér sem eru 75% af hefðbundinni stærð svo hægt væri að spila á fleiri borðum á námskeiðinu og keypti Vísir annað borðið eftir námskeiðið til að fjölga hjá sér borðum. Eftir hádegið hélt hún svo mót á vegum Borðtennissambandsins í Hrollaugsstöðum, ásamt 9 heimamönnum þá mættu þrír bræður frá höfuðborginni, tveir af þeim eru í efsta flokki í borðtennis og settu þeir á svið heilmikla borðtennis sýningu ef svo má að orði komast í úrslitaleiknum sem vakti mikla kátínu viðstaddra, borðtennistilþrif sem hvorki hafa sést fyrr né síðar í Suðursveit.



2 dögum eftir pálmásunnudag eða þann 15. apríl, á 3ja ára endurreisnarafmæli félagsins ef svo má að orði komast, gekk formaður svo á fund bæjarráðs Sveitafélagsins Hornafjarðar þar sem taka átti loka

ákvörðun um hvort sveitarfélagið myndi styrkja íþróttavallarframkvæmdina við Hrollaugstaði. Til að gera langa sögu stutta þá tíundaði formaður þar ítarlega ágæti þess að koma upp fjölnota íþróttavelli við Hrollaugstaði og m.a. hve holt það væri fyrir samfélagið. Eftir yfirferðina voru svo gott sem allir fundarmenn sannfærðir og var í kjölfarið samþykkt að veita Vísí fjárstyrk til framkvæmdarinnar.



Á Páskadag var svo haldið heljarinnar frjálsíþróttamót í Hrollaugstöðum þar sem 80 tóku þátt. Elsti keppandi mótsins var Steinþór Torfason, en hann keppti í öllum greinum nema hástökki og hlaut viðurkenningu fyrir mestu bætinguna með því að bæta sig í þrístökki úr 4.42 í 4.60m í 75-79 ára flokki. Spennan náði þó hápunkti og enginn vissi hvaðan á sig stóð veðrið þegar allar greinar voru stöðvaðar án fyrirvara og inn á keppnisvöllinn voru kölluð yngstu keppendur mótsins til að etja kappi í 5 metra skriði. Þetta voru börn á fyrsta aldursári en þar var það Ásgerður Vaka Arnardóttir ættuð frá Leiti sem sigraði nokkuð örugglega á feiknaskeiði, næst á eftir var Rannveig Benedikta Bjarnadóttir frá Kálfafelli og í þriðja sæti var Johan Alvar Atlason frá Leiti! Þessi keppnisgrein vakti mikla lukku og hefur sagan af keppninni verið sögð víða og ávallt við mikla hrifningu.



Það mætti hafa mörg fleiri orð um mótið sjálft sem fór vel fram og var hin mesta skemmtun, um 100 manns sóttu mótið í heildina og var stemningin í húsinu, ánægjan og gleðin allsráðandi. Bestu afrek mótsins unnu þau Lena Hrönn Marteinsdóttir fyrir kúluvarp og Guðmundur Reynir Friðriksson fyrir þrístökk án atrennu. En bestu afrek ungmenna unnu þau Benedikt Búi Björnsson fyrir kúluvarp og Vilma Ósk Arnórsdóttir fyrir langstökk án atrennu.

Á þriðjudegi eftir páska var Ársþing USÚ haldið í Hrollaugstöðum. Félagsmenn Vísís sáu um veitingar og lagði ferðabjónustan á Skálafelli til barmafulla potta af kjötsúpu og Aðalbjörg bakaði kökur með kaffinu og rann matar og kaffi kostnaðurinn sem USÚ greiddi fyrir fundinn beint til Vísís, að upphæð um 130 þúsund.



Þann 27. Júní tók Jón á Jaðri fyrstu skóflustunguna að nýjum frjálsíþróttavelli við Hrollaugsstaði, verkið sóttist ágætlega og lögðu margir þar hönd á plóg, auk feðganna frá Jaðri má nefna nokkra aðra sem skiluðu drjúgri vinnu við vallargerðinu, þar sem etv. Fyrst að nefna Ingvar í Sunnuhlíð, sem kom eins og himnasending með kranabíl og gröfu þegar mest lá við, kláraði að rífa torfið af vellinum og jafnaði mölina undir steypuna ásamt því að hífa sökkulveggi af vagni hjá Arnóri á Hala sem flutti veggina frá Skúla á Reynivöllum. Einar Björn á Reynivöllum flutti nokkur malarhlöss á vörubíl og lánaði jarðvegsþjöppu og bræðurnir frá Gerði þeir Bjarni, Bæring og Atli ásamt föður sínum lögðu sitt af mörkum með Benedikt Búa í broddi fylkingar en erfitt reyndist að stöðva þann síðast nefnda, kappið var slíkt við að klára verkið. Þau hjón frá Hala, Berglind og Haukur komu með hluta af sínu starfsliði nokkra dagparta við að leggja út steypustyrktarjárnin, einnig barst aðstoð úr umf. Mána, en Hannes Halldórsson frá Þinganesi kom og hjálpaði til við að þjappa mölina, slá upp fyrir vellinum og útvegaði okkur járnabindingar vél sem var kærkomið og einfaldaði járnabindinguna margfalt.



23. júlí, tæplega mánuði eftir fyrstu skóflustungu var svo komið að því að steypa, og það var sko hellings steypa eða 120 rúmmetrar sem dreifðust á um 900 fermetra svæði. Yfir 20 Vísis menn og konur mættu til að aðstoða en Jón Tryggvi Þórsson gerði sér ferð ásamt Bjarndísi sinni úr Kópavogi gagngert til þess að taka þátt og vera yfir steypuvinnunni en steypan var keypt af þeim bræðrum frá Hjarðarnesi í Nesjum og komu þeir einnig með steypudælubíl til að dæla steypunni í plötuna og er þetta í fyrsta sinn sem steypudæla er notuð við mannvirkjagerð í Suðursveit. Seinni steypu dagurinn var 25. júlí og var þá lokið við að leggja steypuna undir hlaupabrautina. Um kvöldið bauð svo Laufey á Smyrlabjörgum öllum sem að vallargerðinni komu í þriggja rétta kvöldverðar veislu og drykki, það var frábær stund á Smyrlabjörgum.



Á Unglingalandsmóti UMFÍ kepptu 3 keppendur frá Vísi, þau Ingibjörg Mathilda, Bæring Logi og Benedikt Búi. Mathilda hreppti silfurverðlaun í 600m hlaupi eftir mjög svo spennandi endasprett þar sem hún var nálægt því að stela fyrsta sætinu. Það verður spennandi að fylgjast með þeim á næsta Landsmóti þegar þau hafa æft sig á nýja vellinum.

Í lok ágúst var svo byrjað að leggja Mondo hlaupabrautarefnið á frjálsíþróttavöllinn en eftir góðviðris sumar þá byrjaði að rigna, og það rigndi út september og rúmlega það og tafðist verkið af þeim sökum og á því enn eftir að leggja efni á spjókast brautina.

Gísli Einarsson frá Landanum mætti til okkar og gerði mjög skemmtilegan þátt um Vísi og íþróttavallargerðina sem vakti mikla lukku meðal landans.



Þegar formaður mætti á sambandsþing Ungmennafélags Íslands í október tók hann við hvatningarverðlaun fyrir hönd Vísis “fyrir öflugt og eftirtektarvert starf í þágu félagsins og samfélagsins”

Svo notuð séu orð Jóhanns Steinars formanns UMFÍ við úthlutun verðlaunanna... “Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit hefur vakið heil mikla eftirtekt upp á síðkastið fyrir ótrúlegan samtakamátt heimafólks en þar hefur nær hvert einasta mannsbarn í sveitinni lagt hönd á plóg til að gera frjálsíþróttavöll, sem mun án nokkurs vafa efla áhuga á hreyfingu og greininni í sveitinni Landinn gerði á dögnum afar skemmtilegt innslag um völlinn, sem vakti mikla eftirtekt.

En fleiri undur og stórmerki eiga sér stað hjá ungmennafélaginu Vísi. Þar hefur borðtennis iðkun aukist mikið upp á síðkastið og á félagið nýjasta liðið í deildakeppninni í borðtennis”.

Vísir fékk jafnframt peningaverðlaun að upphæð 100.000kr. Frá UMFÍ.

Þess má geta að Vísir hlaut styrk úr íþróttasjóði Rannís til áhaldakaupa fyrir íþróttavöllinn að upphæð 400.000 og einnig fyrir borðtennis æfingabúðum fyrir fötluð börn í bland við heimamenn sem stendur til að halda 12-15. Júní næstkomandi í Hrollaugsstöðum. Upphæð þess styrks var 700 þúsund en greidd í tveim hlutum, seinni greiðsla fer fram eftir skýrslugerð.

Daginn eftir að Landa-þátturinn var sýndur fékk Bjarni símtal frá formanni frjálsíþróttadeildar Fjölnis sem hafði rekið augun í það að við værum með stangarstökkstokk á vellinum okkar og spurði hvort okkur vantaði dýnu því að þau væru að missa geymsluhúsnæði þar sem þau hefðu í geymslu dýnu úr Laugardalshöllinni, því var að sjálfsögðu tekið fagnandi, en sá hængur var á að losa þyrfti húsnæðið á næstu tveim vikum og svona fullvaxin stangarstökkdýna er um 35 rúmmetrar að stærð og kostar sitt að flytja hana austur í Suðursveit. Þá voru tekin nokkur símtöl og send skilaboð og til að gera langa sögu stutta þá bauðst Laufey Guðmundsdóttir til þess að Fallastakkur ehf. myndi greiða að fullu flutningskostnað á stangarstökk dýnunni og þakkaði einfaldlega formanni fyrir að hafa hugsað til þeirra og leyft þeim að taka þátt í ævintýrinu! Það má með sanni kalla rausnarlega gjöf til félagsins og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir! Samhliða flutningi á dýnunni þá fengum við einnig frá frjálsíþróttadeild Ármanns stangarstökkuppistöðurnar sem höfðu fylgt áður nefndri dýnu úr Laugardalshöllinni sem og kastbúr af Þjóðarleikvanginum sjálfum, allt var þetta flutt í sömu ferðinni og tók Magnús Guðjónsson frá Hólmi að sér flutninginn og fullyrti Magnús að aldrei hefði bíllinn verið eins vel lestaður því dýnunum var troðið inn svo varla var neitt loftrými eftir í bílnum, uppistöðurnar og kastbúrið var svo sett á kerru aftan í bílinn og er búnaðurinn nú í geymslu hjá þeim Steinþóri á Hala og Jóni á Brunnavöllum. En til gamans má geta þess að þeir náðu báðir á verðlaunapall í stangarstökki fyrir Vísi á héraðsmótum USÚ á sjöunda áratugnum en á þeim áratug vann lið Vísis stigakeppnina í þrjú skipti af 7.

Auk þess búnaðar sem hér er talinn upp þá fékk Vísir keppnis hástökk uppistöður gefins frá Laugardalshöllinni í upphafi árs ásamt dýnum fyrir án atrennu stökk. Nývirði alls þess búnaðar sem félagið hefur fengið gefins á árinu hleypur á mörgum milljónum og verðum við að passa að fara vel með áhöldin svo þau endist sem best.

Á degi sjálfboðaliðans var formaður Vísis boðaður í höfuðstöðvar ÍSÍ til að halda þar erindi um félagið, endurvakningu þess, íþróttavallargerðina og samtakamáttinn sem þar átti sér stað ásamt starfi félagsins og hlaut mikið lof fyrir hversu vel hafi tekist til. Þar var ma. sögð sagan af því þegar Ásgerður Vaka skreið fram úr þeim Rannveigu og Jóhanni í 5 metra skrið keppninni um páskana. Erindið var skrifað upp og prentað í Skinfaxa sem er tímarit UMFÍ og má lesa það þar. En einnig var fjallað um Vísi í jólablaði Eystrahorns.



Um haustið sendi Vísir svo lið til keppni í 4. deildinni í borðtennis en liðið sem keppti fyrsta keppnisdaginn skipuðu þau Atli Már Björnsson, Anna Karen Malmquist Bjarnadóttir, Oddi Breiðfjörð og Bjarni Malmquist Jónsson en keppt var 5 sunnudaga yfir veturinn. Auk þeirra þá spiluðu þeir Huldar Breiðfjörð og Hjálmar Karlsson sinn hvorn sunnudaginn. Lið Vísis endaði því miður stigalaust eftir veturinn er var þó í tvígang mjög nærri því að knýja fram jafntefli og munaði í bæði skiptin aðeins einni lotu. Borðtennisdeild Vísis stundar nú þrotlausar æfingar, bæði í Hrollaugstöðum öll föstudagskvöld, í Reykjavík og Danmörku og mun snúa tvífeld til keppni næsta vetur með enn fleiri keppendum. En þess má til gamans geta að um 4-6 iðkendur eru að mæta að jafnaði á æfingar í Hrollaugstöðum í hverri viku en flestir hafa þeir verið 24 og er nú farið að færast í aukana að tekna séu auka æfingar inn á milli, einn erlendur iðkandi sem vinnur sem jöklaleiðsögumaður keppti á dögnum fyrir Vísi á Íslandsmótinu í 2. deild og hefur mikið kapp komið í menn eftir að borðtennisróbót kom í Hrollaugstaði og er nú ekkert sem kemur í veg fyrir stöðugar framfarir félagsmanna Vísis í borðtennis. Róbotinn fékk Vísir í styrk frá USÚ.

Anna Karen Malmquist keppti á byrjendamóti KR í borðtennis þar sem hún þrátt fyrir fötlun sína kom sá og sigraði í flokki 11 ára og yngri!



Um jólin var svo árlegt Jóla borðtennismót Vísis haldið en nú í fyrsta skipti var það formlegt og skráð á mótaskrá BTÍ. Atli Már Björnsson var mótsstjóri og varði hann titilinn eitt árið til og er enn ósgraður síðan 2014.



Til að kóróna sögulegt ár þá endaði það svo að á viðburðinum Íþróttamaður ársins var formaður Vísis Bjarni Malmquist Jónsson í beinni útsendingu útnefndur Íþróttaldhugi ársins, sem er stærsta viðurkenning sem veitt er fyrir sjálfbærniastörf í íslenskri íþróttahreyfingu ár hvert. Ásamt þeirri nafnbót þá veitti Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ Bjarna gullmerki ÍSÍ við sama tilefni.

Hér hefur verið stiklað á því allra helsta sem gerðist á árinu. Eftir þetta sögulegt ár er það engum ofsögum sagt að langt er síðan frægðarsól Vísis reis svo hátt, nafn Vísis hefur borið á góma víðsvegar um landið og hefur orðið fleiri félögum hvatning til framfara. En þó árið 2025 hafi verið sögulegt þá er næsta víst að 2026 verður ekki síðra, framtíð Vísis er björt!

Áfram Vísir!

Bjarni Malmquist Jónsson

Formaður Umf. Vísis

Skýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu og Skotfélagi Austur-Skaftafellssýslu þegar gengið var frá ársritinu. Þá verður aðalfundur Umf. Sindra haldinn eftir þingið. Skýrslum þessara félaga verður bætt í vefútgáfu ársritsins þegar þær berast.

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.